

Nokkur dráttur hefur verið á uppkvaðningu dóms þessa vegna sumarleyfa.

Dómsorð:

Ákærði, Hermann Bæringsson, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Til handa ríkissjóði er gerður upptækur kæliskápur af General Electric gerð, model TCF-160.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 4. október 1968.

Nr. 125/1968. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Lárusi Hallbjörnssyni (Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Tollgabrot. Upptaka smyglvarnings.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Lárus Hallbjörnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. apríl 1968.

Ár 1968, mánudaginn 29. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni yfirsakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 269/1968: Ákærvaldið gegn Lárusi Hallbjörnssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 30. ágúst f. á., er opinbert mál höfðað á hendur Lárusi Hallbjörnssyni, 1. vélstjóra á m/s Selá, til heimilis að Bergstaðastræti 71 hér í borg, fæddum 26. ágúst 1929 í Reykjavík, fyrir smygl á samtals 240.000 stk. af Camel vindlingum, er skipið kom til Reykjavíkur 9. ágúst 1967 frá Hamborg, en varning þennan, sem ákærði ætlaði til sölu hér á landi, fundu tollverðir við leit í skipinu eftir komu þess til hafnar umrætt sinn í aftari undirlest í kössum, sem merktir voru tilbúnum farmskrármerkjum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956 og 1. gr., sbr. 15. gr. laga um einkasölu ríkisins á tóbaki nr. 58/1931.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar auk þess sem varningur sá, sem í máli þessu greinir, 240.000 stk. Camel vindlingar, verði gerður upp-tækur samkvæmt 4. mgr. 38. gr. nefndra laga um tollheimtu og tolleftirlit og 15. gr. laga um einkasölu á tóbaki.

Ákærði hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- 1947 28/4 í Reykjavík: Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1947 3/5 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. skaðabætur fyrir líkamsárás. Fellt niður að öðru leyti.
- 1948 11/2 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir óspektir.
- 1948 14/5 í Reykjavík: Dómur aukaréttar: 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 218. gr. hegningarlaga og 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Skaðabætur kr. 992.76.

- 1948 30/6 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga, 3.000 kr. skaðabætur í sama máli.
- 1950 21/9 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1951 30/11 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1959 9/4 í Reykjavík: Dómur: 60.000 kr. sekt fyrir brot á 3. og 18. gr. áfengislaga.
- 1960 16/3 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1961 14/6 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
- 1963 16/1 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
- 1965 6/9 í Reykjavík: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot á 38. gr. laga nr. 68/1956.
- 1966 2/3 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot gegn 38. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málsatvik þessi:

Hinn 10. ágúst f. á. var gerð tollleit í m/s Selá, sem var þá nýkomið til Reykjavíkur frá útlöndum. Við leitina fundust í aftari lest skipsins 3 trékassar, sem merktir voru þannig: „I.S.B./T.V. 1447/67“ og innihéldu 240.000 Camel vindlinga. Eigandi varningsins reyndist vera ákærði í máli þessu, Lárus Halbjörns-son, 1. vélstjóri á skipinu.

Ákærði hefur skýrt frá því, að á þessum tíma hafi hann verið að byggja sér einbýlishús hér í borginni. Hafi hann sparað sjómannagjaldeyri sinn í því skyni að verja honum til að kaupa erlendis ýmiss konar efni til byggingarinnar og hafi hann einmitt ætlað sér að nota hann til innkaupa í utanlandsferð þeirri, sem skipið var að koma úr í umrætt skipti. Enn fremur hafi hann haft nokkurn ferðamannagjaldeyri, vegna þess að tveir synir hans voru með skipinu í þessari ferð. Ákærði kveður, að þegar skipið hafi verið í Hamborg, hafi maður, sem hann víti engin deili á, komið um borð og boðið honum til kaups vindlinga. Hafi ákærði freistast til þess að kaupa vindlingana af honum og greitt verð þeirra með fyrrgreindum erlendum gjald-eyri, og var tilgangur hans að hagnast á sölu þeirra hér á landi. Þetta séu vindlingar þeir, sem ákært er út af í málinu, samtals 24 kassar eða samtals 240.000 vindlingar, og hafi kaupverðið verið 6.720 þýzk mörk. Að ósk ákærða hafi maðurinn búið um vindlingana í þremur kössum, og afhenti hann þá við skipshlið. Kveðst ákærði hafa beðið verkamann, sem vann við skipið, að koma

kössunum um borð og niður í umrædda lest skipsins, sem þá var verið að ferma í. Einn stýrimaður skipsins hafi haft eftirlit með feringunni, en hann hafi átt mjög annríkt vegna veikinda skipstjóra og því hafi verið hægt að láta kassana niður í lestina, án þess að hann yrði þess var eða nokkur annar skipverji.

Ákærði kveðst ekki hafa verið farinn að gera einhverjar ráðstafanir til að koma varningnum í land hér í Reykjavík eða búinn að semja við einhvern aðilja um kaup á honum.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands var gengi á vestur-þýzku marki á tímabilinu frá 20. júlí 1967 til 31. ágúst sama ár sem hér segir:

Frá 20. júlí til 1. ágúst 1967, að báðum dögum meðtöldum, var kaupgengi á 100 vestur-þýzkum mörkum kr. 1.074.54 og sölugengi kr. 1.077.30.

Frá 2. til 31. ágúst 1967, að báðum dögum meðtöldum, var kaupgengi á 100 vestur-þýzkum mörkum kr. 1.072.86 og sölugengi kr. 1.075.62.

Var því gengi á 6.720 vestur-þýzkum mörkum sem hér segir:

Frá 20. júlí til 1. ágúst 1967 kaupgengi kr. 72.209.08
en sölugengi — 72.394.56

Frá 1. ágúst til 31. ágúst 1967 kaupgengi — 72.096.19
en sölugengi — 72.281.68

Samkvæmt upplýsingum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins var útsöluverð á 20 stykkja pakka af Camel vindlingum á fyrrgreindum tíma kr. 29.75.

Var því útsöluverð vindlinga þeirra, sem ákærði flutti til landsins samkvæmt framansögðu — 240.000 stykki eða 12.000 20 stykkja pakkar — samtals kr. 357.000.00.

Ákærði hefur með framangreindum verknaði gerzt sekur um smygl, og varðar það við 38. gr., 1. mgr., laga nr. 68/1965 um tollheimtu og tolleftirlit svo og við 1. gr., sbr. 15. gr., laga nr. 58/1931 um einkasölu ríkisins á tóbaki. Við ákvörðun refsingar ákærða ber að taka tillit til þess, að smygl hans er mjög stórfellt og hefði svipt ríkissjóð verulegum tekjum, en skapað honum jafnframt mikinn fjárhagsávinning, ef tekizt hefði, að brot hans er þeim mun alvarlegra sem hann var 1. vélstjóri á skipinu og trúnaðarmaður eiganda þess svo og að hann hefur einu sinni, árið 1959, fengið sekt fyrir smygl á áfengi í söluskyni. Samkvæmt þessu og með skírskotun til málavaxta, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, að öðru leyti þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga og enn fremur kr. 70.000.00 í

sekt til ríkissjóðs, er afplánist með fangelsi í 70 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 38. gr., 4. mgr., laga nr. 68/1956 og 15. gr. laga nr. 58/1931 ber að gera fyrrgreindan smyglvarning ákærða, 240.000 vindlinga, upptækan til ríkissjóðs.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í málinu, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Lárus Hallbjörnsson, sæti fangelsi í 30 daga og greiði enn fremur kr. 70.000.00 í sekt til ríkissjóðs, er afplánist með fangelsi í 70 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreindur smyglvarningur, 240.000 vindlingar, er upptækur til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í málinu, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 4. október 1968.

Nr. 144/1968. Ákæruvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Jóni Ríkharði Kárasyni

(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærða er gefið að sök að hafa með áhrifum áfengis gert tilraun til að aka bifreiðinni A 1987 aðfaranótt þriðjudagsins 10. október 1967, er lögreglumenn komu að honum, þar sem